

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

831. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 5. maí 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Starfsmannamál í Grunnskóla Húnaþings vestra. Viðræður við sviðsstjóra fjölskyldusviðs og skólastjóra grunnskóla.
3. Aðalfundarboð Selaseturs Íslands ehf.
4. Umsóknir um styrki úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um undirbúning vegna framkvæmda við uppsetningu vatnsrennibrautar, starfsmannabreytingar við sorphirðu hjá Urðun ehf. vinnu við aðalskipulag, tilfallandi viðhald fasteigna og viðhald vatnsveitu. Hönnun og gerð útboðsgagna vegna hitaveituframkvæmda í Línakradalsveitu er að ljúka og óskað hefur verið eftir tilboðum í efni. Gatnasópun er lokið og flotbryggja verður sett niður á næstu dögum. Spurt um fráveitukerfi á Laugarbakka.
2. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjóri grunnskóla eru mætt til viðræðna við byggðarráð. Gerðu þau grein fyrir atriðum varðandi starfsmannamál grunnskóla. Kynntar voru ákvarðanir þeirra og sveitarstjóra um ráðningu Kristínar Ólafar Þórarinsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra frá og með 1. ágúst 2014 og tímabundnar ráðningar Aðalsteins Guðmundssonar, Eyðísar Báru Jóhannsdóttir og Söru Ólafsdóttur í stöður kennara næsta skólaár. Borist hefur uppsögn á starfi kennara frá Oddnýju Helgu Sigurðardóttur og beiðni um launalaust leyfi stuðningsfulltrúa til eins árs frá Valdimar Gunnlaugssyni. Byggðarráð samþykkir beiðni Valdimars um launalaust leyfi til eins árs.
3. Fram lagt aðalfundarboð Selaseturs Íslands en fundurinn verður haldinn í Dæli þann 15. maí nk. kl. 20:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Framlagðar umsóknir um úthlutun styrkja úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra. Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum og eru þau eftirfarandi:
 - Frá Húnaþing sf.
 - Virkum ehf.
 - Magnúsi Ásgeiri Elíassyni
 - Maríönnu Evu Ragnarsdóttur og Jónínu Helgu Jónsdóttur
 - Spes og Grettistaki ses.
 - Andreu Laible
 - Stellu Levy og Ægi Jóhannessyni
 - Regínu Ólínu Þórarinsdóttur.

Byggðarráð fór yfir umsóknirnar, úthlutunarreglur sjóðsins og fleiri atriði. Samþykkt að fresta úthlutun styrkja til næsta fundar byggðarráðs sem haldinn verður þann 12. maí nk.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Sveitarstjóri kynnti tölvupóstbréf frá Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur þar sem hún segir sig úr stýrihópi Ferðamálafélags V-Hún. af persónulegum ástæðum, en Þorbjörg hefur verið fulltrúi sveitarfélagsins í umræddum stýrihópi. Sveitarstjóri kynnti jafnframt að hann og oddviti muni sækja fundi stýrihópsins þar til ný sveitarstjórn hafi tilnefnt aðila til setu í stýrihópi ferðamálafélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:31

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar S. Helgason

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson